

Fræðsluráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 13. janúar 2020

Erindi þessa bréfs er að vekja athygli á ummælum sem Gunnar Helgason lét falla í sjóvarpsþætti undir stjórn Gísla Marteins fyrir skemmtu. Gunnar lét þess getið að þegar hann kæmi í grunnskóla í Hafnarfirði, þar sem hann virðist vera með e.k. fræðsluerindi, þá spryði hann börnin í hvaða landi börn væru sett í búr. Aldrei vissi neinn rétta svarið; sem er sem sé Bandaríkin. – Það sem Gunnar vísaði til var sú slæma aðstaða sem börnum fólks, sem fer ólöglega yfir landamæri Bandaríkjanna í því skyni að reyna að bæta lífsskilyrði sín, er búin. Fæstir eða jafnvel engir fullnægja alþjóðlegum skilgreiningum til að geta talist flóttamenn. Fjöldinn er slíkur að ekki er við neitt ráðið og hefur verið brugðið á það ráð að útbúa híbýli í gömlum verslunarmiðstöðvum og aðskilja börnin með skilrúnum úr málmi. Þetta nefna gagnrýnendur með réttu eða röngu „búr“.

Það er á hinn bóginn spurning hvort tjaldbúðir sem Evrópumenn bjóða upp á í sama tilgangi leiði til betri líðanar barna í misjöfnum veðrum en ofangreind „búr“. Og vegna þess að Gunnar nefndi Bandaríkin til skjalanna sem landið sem misbýður börnum, þá er ekki úr vegi að nefna aðstæður barna í öðru landi. Í Kína er heilum þjóðflokki haldið föngnum af ríkinu. Börn eru aðskilin frá foreldrum sínum, og send í búðir sem líkjast fangabúðum. Sameinu þjóðirnar hafa vakið athygli á aðstæðunum. Það þarf að fara marga áratugi aftur í tímann til að sjá aðra eins meðferð á heilum þjóðflokki af hálfu ríkis. Þarna fer heilaþvotturinn fram af mikilli harðýðgi. En heilaþvottur á börnum, jafnvel blandaður skemmtisögum er heldur ekki ásættanlegur. Þeir sem hafa óbeit á Bandaríkjunum og Trump verða að finna sér önnur viðfangsefni en börn. Það er auðvelt að snúa skoðunum þeirra með frásögnum um vondu Kanana. En það er bara ekki rétt.

Níunda grein samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsис fjallar um hugsana-, samvisku- og trúfrelsi. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur marsinnis dæmt að skoðainnrræting á börnum (indoctrination) fari á bága við sammninginn. Það er ekki til fyrirmynðar að Hafnarfjarðarbær heimili einhliða skoðanamyndandi fræðslu sem beinist gegn einu fremsta lýðræðisríki heimsins þótt ekki sé það gallalaust (en þó minna gallað en flest ríki). Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna og samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsис eru reyndar mjög keimlíkir að þessu leyti. – Væri ekki rétt að beina því til Gunnars að hann gæti að þessu í framtíðinni?

Virðingarfallst,  
  
Einar S. Hálfdánarson